

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn þriðjudaginn 25. mars 2014 og hófst kl 16:10

Mættir eru: Siggeir Stefánsson, Svala Sævarsdóttir, Stefán Benjamínsson, Kristinn Lárusson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Hildur Stefánsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Ingveldur Eiríksdóttir, María Guðmundsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Skólastefna Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps

Skólastefna fyrir Langanesbyggð og Svalbarðshrepp lögð fyrir fræðslunefnd og kallað eftir athugasemdum. Gerð tillaga að einni orðalagsbreytingu sem breytir skólastefnunni ekki efnislega. Fræðslunefnd sammála um að þegar búið er að samþykka skólastefnuna er mikilvægt að gera aðgerðaráætlun og í framhaldi af því kostnaðaráætlun til að framfylgja henni.

Fræðslunefnd mælir með fyrirbyggjandi skólastefnu fyrir Langanesbyggð og Svalbarðshrepp. Samþykkt samhljóða.

2. Drög að samningi við Ingvar Sigurgeirsson

Lögð fram drög að samstarfssamningi við Ingvar Sigurgeirsson sem oddviti og sveitastjóri eru að vinna að. Drögin voru kynnt fyrir fræðslunefnd og þau ræddi. Fræðslunefndarfulltrúar beðnir um að koma ábendingum til formanns ef einhverjar eru.

3. Skólanámskrár

- Skólastjórar grunn- og leikskóla voru beðnir um að taka skólanámskránnar með sér á fundinn.
 - Skólanámskrá leikskólans er síðan 2011. Útbúa þarf nýja skólanámskrá alveg frá grunni fyrir leikskólann sem tekur mið að nýrri aðalnámskrá.
 - Skólanámskrá Grunnskólans á Bakkafirði er síðan 2012-2013.
 - Skólanámskrá Grunnskólans á Þórshöfn 2011-2012.
- Hefðir og fastir liðir sem fylgja skólunum eiga að fylgja með í skólanámskrá grunnskólanna.
- Ingveldur dreifði starfsmannahandbók Grunnskólans á Þórshöfn til kynningar fyrir fræðslunefnd. Þessi starfsmannahandbók er mjög yfirgripsmikil og þar er farið yfir flesta þætti skólastarfsins. Ítarleg og glæsileg mappa.
- Í leikskólanum er gerð starfsáætlun til árs í senn sem er síðan er fylgt eftir með innramati sem allir starfsmenn fylla út á 3 mánaða fresti. Þar kemur fram hvernig gengið hefur að framfylgja áætlunni.
- Formfesta er mikilvæg. Setja þarf fram dagsetningar sem ákveðnar vörður sem hægt er að kalla eftir frá hverjum og einum. Þetta veitir aðhald fyrir alla bæði stjórnendur og starfsmenn.

- Rætt um að gott væri að hafa dagatal fyrir fræðslunefnd til að ákveða hvenær er fjallað um hvert málefni.
- Skólapúlsinn er gott námsmat og þar geta flestir komið sínum skoðunum á framfæri.

Fræðslunefnd óskar eftir því við skólastjóra grunnskólanna að nýjar skólanámskrár verði tilbúin hjá Grunnskólunum fyrir árið 2014-2015 eigi síðar en 10 nóvember 2014.

4. Tillaga að breytingu á nafni á Tónlistaskóla Þórshafnar.

Rætt hvort ekki væri eðlilegt að tónlistaskólinn heiti Tónlistaskóli Langanesbyggðar í stað Tónlistaskóli Þórshafnar.

Fræðslunefnd mælir með að nafninu á Tónlistaskóla Þórshafnar verði breytt í Tónlistaskóla Langanesbyggðar. Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

Fræðslunefnd lýsir yfir áhyggjum yfir verkfalli framhaldsskólakennara og því að nemendur í framhaldsskólum fái enga kennslu.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 17:25